


10.53.71. Notkun upplýsingatækni í skólastarfi

Skil á verkefni “Glærugerð með Powerpoint”

Tíill: Notkun á bloggi í kennslu

Kröfur voru um að nota custom animation og timing í verkefninu. Hlutir sem ég alla jafna forðast að nota í glærugerð. Ég hef einnig unnið nokkuð magn af efni inn í Powerpoint og langaði til að prófa eitthvað sem ég hefði ekki gert áður, svo ég myndi læra eitthvað af verkefninu. Ég ákvað því að fara þá leið að búa til hálfgerðan vef í Powerpoint, ekki nota glærurnar línulega eins og er vaninn heldur að vera með tengla sem senda á milli síðna. Ég ákvað einnig að fara á “effecta” fylleri, fara alveg upp að þolmörkum notandans. Um er að ræða sjö glærur í heildina en á hverri glæru eru í raun fleiri en ein síða, því nýtt efni hleðst ofan á hvert annað og það eldra hverfur. Ekki hentaði að nota transition í verkefninu. Sex valmyndir eru í boði:



Hvað er blogg?

Opna á fyrirbærið “blogg”. Skýra merkingu orðsins og hvað það getur staðið fyrir.

Tegund blogga

Skýra út hvað blogg getur verið. Blogg eru til í mismunandi merkingu og getur verið um mjög ólíka hluti að ræða þar sem miðlun á efni getur verið frá texta, myndverkum, hljóðum og hreyfimyndum. Einnig er innihald blogga mjög ólíkt og getur verið gjörólik birtingarmynd á þeim eftir því hvað þau standa fyrir.

Notkun í kennslu

Skoðaðir nokkrir notkunarmöguleikar á bloggi í kennslu, aðallega hugmyndir um hvernig er hægt að nota það. Hér er hægt að velta upp spurningum um hvaða námsgreinda sé verið að höfða til (sbr. fjölgreindarkenningu Gardners). Blogg sé góð aðferð tilk að leggja áherslu á frumkvæði og listræna sköpun (skv. DBAE (Discipline based Art Education), Eisner og Laura Chapman)

Valmöguleikar

Miðlun skoðuð, þ.e. hvað bjóða kerfin upp á. Sum bjóða bara upp á að nota texta, önnur sýsla aðallega með myndir, enn önnur aðallega hljóð og / eða video. Einnig velta þessu fyrir sér í samhengi við innihald bloggsins. Hverslags miðlun er að henda innihaldinu?

Bloggkerfi

Hér er einn tengill á vefsíðu höfundar þar sem hann er búinn að safna saman tenglum á mismunandi bloggkerfi og annað sem tengist bloggum. Svona tenglar þarf að uppfæra reglulega og því er betra að hafa á sérvefsíðu þar sem auðveldara er að uppfæra þá og bæta við tenglum en hér inni í þessari kynningu sem unnin í Powerpoint og þyngrri í vöfum. Úreldist síður á þennan hátt, kynningin.

Leiðbeiningar

Tengill á einn leiðbeiningavef eftir Salvöru Gissurardóttur þar sem hún kennir að nota blogger.com. Vonandi eiga eftir að bætast hér síðar fleiri tenglar í leiðbeiningaefni eftir höfund þessarar kynningar © !!!